

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarbyggðar á Norður- og Suður-Fossi.

Skipulagsstofnun staðfesti 20. janúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. september 2025.

Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustusvæði VP33 er skipt í tvö svæði, VP33 Norður-Foss (8,7 ha) og VP46 Suður-Foss (4,5 ha). Hámarksbyggingarmagn VP33 hækkar úr 6.400 m² í 8.000 m² með allt að 400 gistirúmum. Sömu heimildir gilda fyrir VP46 þannig að samanlagt heildarbyggingarmagn verður 16.000 m² og heildarfjöldi gistirúma allt að 800. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð IB11 (1,5 ha) fyrir 20 íbúðir á 10 lóðum, með hámarksbyggingarmagni allt að 2.000 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 20. janúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 3. febrúar 2026